

*Hann er Guð.*

Ó þú sem ert staðfastur í sáttmálanum! Bréfið sem þú skrifaðir Mashhadí Ismá‘íl hefur borist. Það sem þessi ástríka vinar ritaði hefur glatt hjarta mitt og huga, því innri merking þess er andleg hvöt og hjartanlegar kenndir sem spretta af veruleika sálarinnar. Það er nægilegur vitnisburður um festu og stöðugleika og þjónustu við Drottin sem öllum nægir.

Frá því að fyrsti árbjarminn birtist af guðlegri leiðsögn hóf Ádhirbáyján [Aserbáisjan] upp merki trúar og fullvissu og því breiddist málstaður Guðs þar út vítt og breitt. En í kjölfar píslarvættis Hins upphafna, ferðar Hinnar blessuðu fegurðar frá Írak til Kúrdistan og einangrunar Yaḥyá í djúpi gleyskunnar varð málstaður Guðs djúpu sinnuleysi að bráð hvarvetna, jafnvel í Ádhirbáyján. Aðeins örfáar sálir héldu staðfestu sinni og ró uns Sól heimsins sneri aftur til Íraks og ljós Hans ljómaði yfir öllum svæðum í mikilli dýrð sinni. Enn á ný varð mikil upprisa og ljúfur ilmur heilagleikans barst yfir allan heiminn. Vinirnir í Ádhirbáyján fylltust alsælu og eldmóður þeirra, gleði og ákefð jókst dag frá degi.

Nú er móttækileiki líka mikill í því landi, en þörf er á máttugri viðleitni ef vinirnir eiga að flytja þessi gleðitíðindi af fögnuði og veita ilminum af skikkju hins guðdómlega Jósefs að vitum leitendanna. Lof sé Guði að þú hefur risið upp til að þjóna Honum og reynir af einlægni að upphefja orð Guðs. Von mín er sú að einlægar sálir geti snortið hjörtu og huga fólks í Ádhirbáyján á þessum dögum og helgaðar verur rísi upp til að leiðbeina fólkinu á rétta braut. Herskari ríkisins stendur reiðubúinn og fullur eftirvæntingar. Um leið og sál hvetur fák öflugrar viðleitni inn á vettvang fórnarinnar munu þessir himnesku herskarar skunda henni til hjálpar og veita henni aðstoð og stuðning.

Þú hefur óskað eftir heimsóknarleyfi. Á þessum tíma er mikil þörf á nærveru þinni á þessum svæðum. Þú ert önnur kafinn í þjónustu, sýnir fullkomna undirgefni og helgar þig kynningu á orði Guðs. Slík þjónusta jafngildir komu til heilagrar fótskarar Drottins. Yfir þér hvíli Dýrð allra dýrða.